



Samfélagsskýrsla Skinneyjar – Þinganes 2020



Um samfélagsskýrsluna

Samfélagsskýrsla Skinneyjar – Þinganes er nú gefin út í fyrsta sinn. Í skýrslunni er fjallað um ófjárhagslega þætti starfseminnar. Samfélagsskýrslan er unnin í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq kauphallarinnar, útgáfu 2.0 frá febrúar 2020 (ESG Reporting Guide 2.0). Staðlarnir í leiðbeiningunum skiptast í þrjá flokka, U fyrir umhverfispætti, F fyrir félagslega þætti og S fyrir stjórnarhætti.

Upplýsingar í skýrslunni eru afmarkaðar við móðurfélagið Skinney - Þinganes hf., nema annað sé tekið fram. Skýrslan tekur til ársins 2020 og eru allar upplýsingar í skýrslunni í

samræmi við bestu þekkingu sem við höfum yfir að búa á þeim tíma sem skýrslan er rituð en er ekki tæmandi úttekt á öllum þeim áhrifum sem Skinney – Þinganes hefur á umhverfið, samfélag og efnahag. Skýrslan hefur ekki verið endurskoðuð af þriðja aðila.



Um Skinney – Þinganes

Starfsemi samstæðu Skinneyjar – Þinganess felst í matvælaframleiðslu í víðasta skilningi, þ.m.t. útgerð, fiskvinnslu og sölu, rekstri og leigu fasteigna og bújarða, þátttöku í öðrum félögum, svo sem laxeldi, mjólkurframleiðslu, gæludýrafóðri og annarri skyldri starfsemi.

Samstæða Skinneyjar – Þinganess samanstendur af móðurfélaginu, Skinney – Þinganesi hf. og dótturfélögum þess, sem í lok árs 2020 voru Þingey ehf., Útgerðarfélagið Vigur ehf. sem gerir út línuveiðibátinn Vigur SF- 80, Selbakki ehf., Vélsmiðjan Foss ehf., Marine PetTreats ehf. og Hvanney ehf.

Móðurfélagið Skinney – Þinganes hf. gerir út tvö uppsjávarskip og fjögur fjölveiðiskip. Félagið hefur yfir að ráða aflaheimildum úr margvíslegum nytjastofnum

á Íslandsmiðum og hefur byggt upp fjölbreytta útgerð og tæknivæddar fiskvinnslur. Afli af skipum félagsins er unninn í þremur verksmiðjum félagsins, í Krossey á Höfn, í Óslandi á Höfn og í Þorlákshöfn. Fyrirtækið á hlut í sölufyrirtækjunum Iceland Pelagic ehf. og StorMar ehf. (tók til starfa 2021) sem selja stærstan hluta afurða félagsins um allan heim. Árið 2020 voru stöðugildi hjá fyrirtækinu 305 talsins. Félagið hefur markvisst unnið að aukinni verðmætasköpun og sjálfbærni með innri þróun og nýsköpun.



Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn og fyrirsvarsmenn Skinneyjar – Þinganes leggja ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum sem markast fyrst og fremst af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, starfsreglum stjórnar, settar á grundvelli 5. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga og samþykktum félagsins. Samþykktir félagsins kveða á um tilgang félagsins, hlutafé þess, hluthafafundi, félagsstjórn og stjórnarfundir, forstjóra, reikningshald og endurskoðun félagsins.

Stjórn félagsins hefur hingað til ekki talið þörf á að skipa tilnefninganefnd, starfskjaranefnd né endurskoðunarnefnd, og séð sjálf um hlutverk þeirra. Á árinu 2021 kemur félagið til með að kjósa sér endurskoðunarnefnd.

Daglegur rekstur er í höndum stjórnenda félagsins sem leitast við að hafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem hafa áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Stjórnendur fara reglulega yfir áhættuþætti með stjórn félagsins og hún

upplýst um stöðu mála. Mánaðaruppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstrarþáttum. Helstu áhættuþættir félagsins eru gengis-, vaxta- og sjóðstreymisáhætta.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda. Samkvæmt samþykktum félagsins kýs aðalfundur árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo varamenn. Í stjórn sitja nú þrír karlar og tvær konur og við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Í samræmi við samþykktir félagsins fer stjórn félagsins ásamt forstjóra með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.



Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins í samræmi við samþykktir þess, stefnu og fyrirmæli stjórnar og kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjórn félagsins árið 2020 samanstendur af forstjóra, framkvæmdastjóra veiða, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra sölu og markaðsmála.

Stjórn og varastjórn Skinneyjar-Þinganness hf. skipa:

Gunnar Ásgeirsson formaður

Ingvaldur Ásgeirsson

Katrín Ásgrímsdóttir

Margrét Ingólfssdóttir

Sigurður Ægir Birgisson

Ingólfur Ásgrímsson, varastjórn

Lóa Hrönn Ingvaldsdóttir, varastjórn

Framkvæmdastjórn árið 2020 skipa:

Aðalsteinn Ingólfsson forstjóri

Ásgeir Gunnarsson framkvæmdastjóri veiða

Guðrún Ingólfssdóttir fjármálastjóri

Hjalti Þór Vignisson, framkvæmdastjóri sölu og markaðsmála (framkvæmdastjóri sölufyrirtækisins StorMar ehf. frá ársbyrjun 2021).




Árið 2020 í hnotskurn

Síðastliðið ár hefur á margan hátt verið óvenjulegt sökum COVID-19 heimsfaraldursins. Óvissa hefur verið um efnahagsleg áhrif faraldursins á rekstur samstæðunnar, einkum þar sem stór hluti af viðskiptavinum Skinneyjar – Þinganes eru fyrirtæki sem þjónusta veitingahúsamarkaðinn. Samstæðan hefur á grundvelli undanþágu frá samkomubanni þó aldrei þurft að hætta framleiðslu, en til að bregðast við smithættu meðal starfsmanna var vinnslum félagsins m.a. skipt upp í smærri hópa til að tryggja áframhaldandi starfsemi. Skiptingin hafði fyrirsjáanleg áhrif á framlegð en vinnslan hélt dampi og náði að aðlagast sig að þessum aðstæðum. Útgerðin gat sömuleiðis haldið veiðum áfram með nokkuð eðlilegu móti. Sala og framleiðsla afurða tók svo mið af stöðu heimsfaraldursins á hverjum tíma en engin veruleg birgðasöfnun varð hjá samstæðunni.

Á árinu hefur skipafloti félagsins tekið töluverðum breytingum. Systurskipin Steinunn SF-10 og Þinganes SF-25 voru tekin í rekstur í byrjun árs. Skipin eru ný togskip sem smíðuð voru hjá Vard skipasmíðastöðinni sem staðsett er í Aukra í Noregi. Tilkoma nýju skipanna tveggja fylgdi að þrjú skip sem fyrir voru, það er gamla Steinunn, gamla Þinganesið og Hvanney, voru seld. Því fækkar um eitt skip í flota félagsins.

Nýjum vinnslulínunum var komið fyrir á millidekkjum nýju skipanna tveggja og jafnframt var ráðist í breytingar á vinnslulínunum um borð í Þóri SF-77 og Skinney SF-20 sem sneru einnig aftur í rekstur í upphafi árs, en þau höfðu verið send í 10 metra lengingu hjá Nauta í Gdynia, Póllandi.

Samhliða þessum breytingum hefur verið unnið að því að endurnýja vinnslulínur í Krossey á Höfn.



Umhverfispættir

Það er stórt efnahagslegt og félagslegt hagsmunamál fyrir íslenska þjóð að ástand fiskistofna sé gott og upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar, rekjanlegar og gagnsæjar. Ábyrg og góð umgengni í náttúrunni er skilyrði fyrir því að fiskistofnar við Ísland verði áfram nýttir með sjálfbærum hætti.

Aukinn útblástur gróðurhúsalofttegunda hefur leitt til loftslagsbreytinga og hlýnunar jarðar. Sjórinn dregur í sig þann varma og hlýnar, sem hefur áhrif á hafstrauma og lífsskilyrði í hafinu. Sjórinn dregur einnig í sig stóran hluta af koldíoxíði sem losnar og leiðir það til súrnunar sjávar. Staða loftslagsmála er því ógn við sjávarútveg á norðurslóðum og um heim allan.



Umhverfispættir

Ábyrgar fiskveiðar

Ábyrgar fiskveiðar eru grunnur að öllu starfi félagsins. Félagið starfar í samræmi við gildandi lög og reglur um fiskveiðar og umgengni um nytjastofna sjávar með það að markmiði að tryggja sjálfbæra og ábyrga nýtingu sjávarauðlinda. Félagið fylgir jafnframt ströngum kröfum um meðferð hráefnis sem og útbúnað skipa. Til að tryggja rekjanleika, stöðluð vinnubrögð og gæði afurða sem unnar eru hjá fyrirtækinu hefur Skinney - Þinganes innleitt margvísleg gæðakerfi og vottanir: MSC (Marine Stewardship Council), IFS (International Food Standard), HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme) og IFFO RS (Global Standard for Responsible Supply), sem undirstrikar áherslu félagsins um góða umgengni og virðingu fyrir auðlindinni.

Skinney – Þinganes er hluthafi í Icelandic Sustainable Fisheries (ISF). Tilgangur ISF er að afla vottana á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru við Ísland. ISF leitar vottana gagnvart staðli Marine Stewardship Council (MSC) en það eru sjálfstæðar og faggildar vottunarstofur sem meta og taka út fiskveiðar við Ísland samkvæmt þeim kröfum sem settar eru fram í MSC staðlinum. Markmið félagsins er að sýna kaupendum og neytendum fram á það að við Ísland eru stundaðar sjálfbærar veiðar. Skinney - Þinganes er einnig aðili að Iceland Responsible Fisheries sem dregur fram þá staðreynd að stjórnun fiskveiða á Íslandi byggir á umfangsmiklum hafrannsóknnum og rannsóknnum á fiskistofnum við landið, ákvörðunum um heildarafla á grunni þessara rannsókna og öfluglu eftirliti með umgengni við auðlindina.




Umhverfispættir

Olíunotkun skipa


Mestu umhverfisáhrifin í rekstri félagsins stafa frá eldsneytisnotkun fiskiskipa fyrirtækisins. Samtals notuðu skip félagsins 6 milljónir lítra af olíu og losuðu í heildina 16.712 tonn af CO2 ígildum sem er um 75% af heildarlosun félagsins sem var 22.367 tonn af CO2 ígildum á árinu 2020. Afli skipanna á árinu var samtals 41.231 tonn. Eins og fyrr segir gerir félagið nú út 6 fiskveiðiskip, þar af tvö uppsjávarskip og fjögur fjölveiðiskip. Skipastóll félagsins hefur að miklu leyti verið endurnýjaður á undanförunum árum með nýrri og hagkvæmari skipum. Frá upphafi hefur félagið lagt áherslu á að auka aflaheimildir og styrkja þannig rekstrargrundvöll sinn. Yngri skipin eru afkastameiri og nýta einnig eldsneytið betur en áður.

Tækniframfarir síðustu ára í fiskveiðum ásamt öflugri fiskveiðistjórnunarkerfi, sem leitt hefur af sér sterkari fiskistofna hefur einnig stuðlað að minni olíunotkun. Á síðastliðnum árum hefur félagið m.a. fjárfest í léttari veiðarfærum og toghlerum sem dregið hafa úr olíunotkun. Olíunotkun skipanna hefur einnig minnkað umtalsvert með því að tengja skipin við rafmagn þegar þau leggjast að bryggju. Skipaflotinn er knúinn af skipagasolíu.


Olíunotkun fiskiskipa 2020



Veiði fjölveiðiskipa 2020



Veiði uppsjávarskipa 2020



Umhverfispættir

Rafmagn

Árið 2020 var raforkunotkun Skinneyjar – Þinganes 16.649.887 kWst. Öll raforka sem félagið kaupir er endurnýjanleg orka. Þegar það er mögulegt er því áhersla lögð á að nýta raforku í stað jarðefnaeldsneytis. Stærsta aðgerðin á undanförunum árum var rafvæðing fiskimjölsverksmiðju félagsins árið 2014.

Fiskimjölsverksmiðjan er nú eingöngu keyrð á rafmagn. Félagið hefur einnig fjárfest í tveimur rafbílum fyrir starfsstöðvar félagsins ásamt því eru um helmingur af lyfturum félagsins rafknúnir.

Úrgangur

Góð nýting hráefnis í fiskvinnslum og fiskimjölsverksmiðju félagsins hefur verið lykilþáttur í lágmörkun úrgangs en einnig hefur áhersla verið lögð á flokkun á sorpi þvert á allt fyrirtækið. Hlutfall flokkaðs rekstrarúrgangs árið 2020 var 43% og standa vonir til þess að bæta þetta hlutfall á næstu árum.

Allan úrgang sem fellur til á sjó er farið með í land samkvæmt reglum um losun á sorpi frá skipum í sjó í V. viðauka Marpol samningsins.

Á árinu 2021 verður unnið að því að gera móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang til endurvinnslu og mun veiðarfæragerð fyrirtækisins taka við úreltum veiðarfærum og sjá til þess að þau séu hreinsuð, flokkuð og send til endurvinnslu.



Umhverfispættir

Vísir	Eining	2020	Athugasemdir
U1. Losun gróðurhúsalofttegunda			
U1-1 Umfang 1	tCO2íg	17.046	
Umfang 1: Eldsneyti	tCO2íg	17.046	
Umfang 1: Kælimiðlar	tCO2íg	163	
U1-2 Umfang 2	tCO2íg	163	
Umfang 2: Rafmagn	tCO2íg	163	
U1-3 Umfang 3	tCO2íg	5.185	
Umfang 3: Eldsneytis- og orkuframleiðsla	tCO1íg	3.865	
Umfang 3: Úrgangur	tCO2íg	144	
Umfang 3: Flutningur og ferðalög	tCO2íg	1.149	
Umgang 3: Innkaup - umbúðir	tCO2íg	0,4	
Samtals	tCO2íg	22.367	
U2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda			
Losunarkræfni orku	kgCO2i/MWst	264	
Losunarkræfni starfsmanna	tCO2i/stöðugildi	73	
Losunarkræfni á hvern fermeter	kgCO2i/m ²	748	
Losunarkræfni heildartekna	kgCO2i/pús. kr.	2,0	

Umhverfispættir

Vísir	Eining	2020	Athugasemdir
U3. Orkunotkun			
Heildarmagn beinnar orkunotkunar	kWst	65.378.790	
Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	kWst	19.403.125	
Heildarorkunotkun	kWst	84.781.915	
U4. Orkukræfni			
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	277.973	
Orkukræfni veltu	kWst/pús. kr.	7,7	
Orkukræfni á fermetra	kWst/m ²	2.835	
Orkukræfni veiða	kWst/veitt tonn	2.056	
U5. Samsetning orku			
Jarðefnaeldsneyti	%	78%	
Endurnýjanleg orka	%	22%	
U6. Vatnsnotkun			
Kalt vatn	m ³	340.646	
U7. Umhverfisstarfsemi			
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	já	
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	já	
Notar fyrirtækið viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	nei	

Umhverfispættir

Vísir	Eining	2020	Athugasemdir
U8. Loftslagseftirlit stjórnar			
Hefur stjórn yfirumsjón með/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	nei	
U9. Loftslagseftirlit stjórnenda			
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	nei	
U10. Mildun loftslagsáhættu			
Fjárfestingar í loftslagstengdum innviðum og vöruþróun	pús. kr.	176.543	Áætlað 1,6% af heildarveltu félagsins 2020

Félagslegir þættir

Öryggismál

Stefna Skinneyjar - Þinganes er m.a. að hafa öryggismál að leiðarljósi og tryggja þannig öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi á öllum starfsstöðvum. Félagið vinnur markvisst að því að draga úr hættu við vinnu og í starfsumhverfi. Unnið er að öryggis- og vinnuverndarmálum og leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi þar sem einelti, ofbeldi og kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil.

Innan Skinneyjar - Þinganes eru starfandi öryggisnefndir. Hlutverk þeirra er að skipuleggja aðgerðir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Einnig er hlutverk þeirra að sjá um fræðslu til starfsmanna um þessi málefni, hafa eftirlit með og framfylgja öryggisstefnu fyrirtækisins. Áhersla er lögð á að vinnuumhverfi, svo sem starfsaðstaða og véla- og tækjabúnaður, sé eins og best verður á kosið. Einnig að hlúið sé að félagslegum og andlegum þáttum þannig að starfsandi sé góður og starfsmönnum líði vel í vinnunni.

Öryggisnefndirnar fylgjast með og gera viðeigandi ráðstafanir vegna slysavarna, brunamála og aðgengi. Síðast en ekki síst snýr starf öryggisnefnda að hollustuháttum er varðar starfsmenn, eins og innilofti, líkamlegu álagi, hávaða, birtu, efnanotkun, forvörnum og hvatningar til heilbrigðra lífshátta.

Fræðsla

Skinney - Þinganes leggur áherslu á fræðslu og þjálfun starfsmanna. Unnið er eftir þjálfunaráætlun en á árinu voru nokkur námskeið sem féllu niður vegna COVID-19. Öryggis- og vinnuverndarmál eru ávallt höfð að leiðarljósi og skiptir þar fræðsla og þjálfun nýrra starfsmanna sköpum. Á árinu 2021 verður unnið að gerð og innleiðingu fræðsluáætlunar í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands.




Félagslegir þættir

Mannauður


Skinney – Þinganes er hátæknisjávartvegsfyrirtæki með öflugan skipastól. Hjá félaginu starfa um 300 manns sem með hæfni sinni og reynslu tryggja gæði afurða og góða umgengni á sjó og í landi. Mikil þekking á ólíkum sviðum er til staðar innan fyrirtækisins. Móðurfélagið Skinney – Þinganes hf. gerir nú út 6 fiskiskip með samtals um 90 sjómönnum, við landvinnslurnar starfa nálægt 140 manns og í hinum ýmsu stoðdeildum (veiðarfæragerð, vélaverkstæði, rafmagnsverkstæði, viðhaldi fasteigna, þrífadeild, mótuneyti og skrifstofu) starfa nálægt 70 manns. Lögð er áhersla á að tryggja góðan aðbúnað starfsfólks og eru öryggismál í fyrirrúmi. Bakgrunnur, þjóðerni, menntun og aldur starfsfólksins er ólíkur en hópurinn er samhentur. Tækniframfarir hafa létt á mannaflapörf en með auknum umsvifum og fjárfestingum hefur fyrirtækið getað haldið jöfnum fjölda fólks í vinnu. Yfir sumartímann hafa ungmenni verið ráðin til starfa, einkum í humar- og bolfiskvinnslu. Mikil áhersla er lögð á starfsánægju starfsmanna fyrirtækisins og er fylgst framþróun hennar á markvissan hátt. Mikil starfsánægja mælist í könnunum meðal starfsmanna allra deilda félagsins.

Jafnlaunavottun

Í samræmi við lög nr. 10/2008 hefur móðurfélagið Skinney – Þinganes hf. ráðist í að innleiða jafnlaunakerfi og þann 10. mars 2020 hlaut félagið jafnlaunavottun Jafnréttisstofu og staðfestingu á að félagið standist öll skilyrði jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Markmiðið með innleiðingunni er í hnotskurn að sömu laun séu greidd fyrir jafn verðmæt störf. Sérstaklega er horft til þess að ekki sé til staðar launamunur á milli kynja. Í tengslum við innleiðinguna framkvæmdi fyrirtækið launagreiningu. Innleitt var stigamat sem hvert starf fékk. Til að skoða hvort launamunur væri til staðar fyrir jafn verðmæt störf var gerð greining sem bar saman stig og laun ólíkra starfa. Helstu niðurstöður greiningarinnar voru þær að ekki mældist kynbundinn launamunur hjá Skinney – Þinganesi. Jafnlaunastefnu Skinneyjar – Þinganess má finna á heimasíðu félagsins www.sth.is/jafnlaunastefna.



JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023



Félagslegir þættir


Vísir	Eining	2020	Athugasemdir
F1. Launahlutfall forstjóra			
Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi	x:1	4,2	
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	nei	
F2. Launamunur kynja			
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla (x) og miðgildis launagreiðslna kvenna	x:1	1,62	Störf í landi
F3. Starfsmannavelta			
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	5,7%	Störf í landi
F4. Kynjafjölbreytni			
Karlar	%	67,3%	
Konur	%	32,7%	
F5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta			
Starfsfólk í hlutastarfi	%	-	
Verktakar og ráðgjafar	%	-	

Félagslegir þættir

Vísir	Eining	2020	Athugasemdir
F6. Aðgerðir gegn mismunun			
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	já	Öryggisstefna, jafnréttisáætlun og samfélagsstefna Skinneyjar - Þinganes https://samfelag.sfs.is/
F7. Vinnuslysafíðni			
Tíðni slysatengdra atvika, sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks	%	2,2%	
F8. Hnatræn heilsa og öryggi			
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnatrænni stefnu um heilsu og öryggi?	já/nei	já	Öryggisstefna og samfélagsstefna Skinneyjar - Þinganes https://samfelag.sfs.is/
F9. Barna- og nauðungarvinna			
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	já/nei	já	Samfélagsstefna Skinneyjar-Þinganes https://samfelag.sfs.is/
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	nei	
F10. Mannréttindi			
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	já/nei	já	Samfélagsstefna Skinneyjar-Þinganes https://samfelag.sfs.is/
Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	já/nei	nei	

Stjórnarhættir

Stjórn og fyrirsvarsmenn Skinneyjar – Þinganes leggja ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum sem markast fyrst og fremst af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, starfsreglum stjórnar og samþykktum félagsins. Aðalfundur kýs árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo varamenn. Í stjórn sitja nú þrír karlar og tvær konur og við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Árið 2020 var framkvæmdastjórn félagsins er skipuð þremur körlum og einni konu og samanstóð af forstjóra, framkvæmdastjóra veiða, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra sölu og markaðsmála.



Stjórnarhættir

Mannréttindi, spilling, mútur og siðferði

Skinney - Þinganes virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagaþrengis og kjarasamninga. Fyrirtækið hefur sett sér stefnu gegn spillingu og mútum. Stefnan áréttar að fyrirtækið skuli ávallt starfa í samræmi við lög og reglur í starfsemi sinni þar sem almenn viðmið um viðskiptasiðferði skulu höfð að leiðarljósi. Ávallt skal koma fram við starfsmenn og viðskiptavini af sanngirni og heilindum. Spilling, mútur og ólögð starfsemi skal aldrei undir nokkrum kringumstæðum líðast í fyrirtækinu og viðskiptaháttum þess. Stjórnendum og starfsmönnum er skylt að láta ekki eigin hagsmuni stangast á við hagsmuni fyrirtækisins eða viðskiptavina þess. Fyrirtækið stundar fagleg og heiðarleg viðskipti. Fiskvinnslur Skinneyjar – Þinganes í Krossey á Höfn og í Þorlákshöfn

hafa báðar hlotið Sedex vottun (Supplier Ethical Data Exchange) en einnig hefur vinnslan í Þorlákshöfn staðist SMETA endurskoðun (Sedex Members Ethical Trade Audit). Félagið skuldbindur sig einnig til að vinna gegn spillingu í hvaða formi sem er, ásamt því skal leitast við að tryggja að starfsemi félagsins sé samkvæmt lögum og reglum og gerum við sömu kröfur til okkar birgja. Á árinu 2021 mun félagið setja sér reglur um verklag við upplýstrun starfmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í samræmi við 5. gr. laga nr. 40/2020 um vernd upplýstrara.



Stjórnarhættir

Samfélagsstefna Skinneyjar - Þinganes

Skinney - Þinganes hefur innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvergi undirritað stefnu um samfélagsábyrgð sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Megináherslur varða umhverfismál og nýsköpun.

Ábyrg og góð umgengni um náttúruna er skilyrði fyrir því að fiskistofnar við Ísland verði áfram nýttir með sjálfbærum hætti. Umhverfismál skipa af þeim sökum stóran þátt í stefnunni en auk þess er þar fjallað um stjórnarhætti og skuldbatt félagið sig til þess að birta árlega ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti, þar sem stuðst er við alþjóðlega viðurkennd viðmið og félagslega þætti.

Frekari upplýsingar um samfélagsstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi er að finna á heimasíðu verkefnisins, www.samfelag.sfs.is.




Stjórnarhættir

Vísir	Eining	2020	Athugasemdir
S1. Kynjahlutfall í stjórn			
Hlutfall kvenna í stjórn	%	40%	
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda	%	-	
S2. Óhæði stjórnar			
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	já	
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0%	
S3. Kaupaukar			
Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	nei	
S4. Kjarasamningar			
Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	99%	
S5. Siðareglur birgja			
Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	já/nei	nei	

Stjórnarhættir

Vísir	Eining	2020	Athugasemdir
S6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu			
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	já/nei	já	Spillingarstefna og samfélagsstefna Skinneyjar-Þinganes https://samfelag.sfs.is/
Ef já, hve hátt hlutfall starfsfólks hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni?	%	-	
S7. Persónuvernd			
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	já/nei	já	
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	já	
S8. Sjálfbæriskýrsla			
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?	já/nei	já	
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	já	
S9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf			
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	nei	
Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	já	Áhersla er á heimsmarkmið 14,9,12,13,16,5 og 8 í samfélagsstefnu Skinneyjar-Þinganes https://samfelag.sfs.is/
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp?	já/nei	nei	
S10. Gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila			
Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila?	já/nei	nei	

Skattaspor



Skattaspor Skinneyjar – Þinganes hf.	2020
Tryggingagjald	248.323.629 kr.
Veiðigjöld	199.233.922 kr.
Mótframlag í lífeyrissjóð	378.382.963 kr.
Aðrir skattar og gjöld	134.484.216 kr.
Gjöld til hafnarsjóða	110.656.095 kr.
Innheimtir skattar vegna einstaklinga	1.447.353.614 kr.
Skattaslóð alls	2.518.434.439 kr.

